

13 stjórnarfundur LH 29. september 2011

Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mætt eru: Haraldur Þórarinsson (HP), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigurður Ævarsson (SÆ), Marianna Gunnarsdóttir (MG), Erla Guðný Gylfadóttir (EGG) Andrea Þorvaldsdóttir AP, (SP) Sigrún Þórðardóttir, Þorvarður Helgason (ÞH).

Gestur : Haraldur Örn Gunnarsson.

1. Fundargerð.

Fundargerðir 8, 9, 10, 10, 11 fundar var samþykktar og verða birt á heimasíðu LH.

2. Starf stjórnar

Nokkuð var rætt um starfssemi stjórnar og var samþykkt eftirfarandi

Að óskað verði eftir því að nefndir á vegum LH skili inn skilmerkilega fundargerðum og þær senda á stjórn til upplýsinga ekki sjaldnar en í einu sinni í mánuði.

Að aðrir fundir sem hluti stjórnar hittist skrifi minnispunktar af þeim fundum verði sendi á aðra stjórnarmenn.

Að bréf sem fara frá Stjórn LH fari einnig um leið á aðra stjórnarmenn.

Gerð var athugasemd við boðun og kynningu efnis símafundar nr.12, var athugasemd tekin til greina.

3. Landsmót 2011.

HG kynnti reikninga Landsmóts ehf. ásamt bréfi endurskoðenda félagsins. Umræðum var frestað til næsta fundar og mun HG kynna nánar helstu niðurstöður mótsins.

4. Landsmót 2012.

Félögin á Stór Reykjavíkursvæðinu hafa tilnefnd fulltrúa í framkvæmdanefnd mótsins. Eftir á að vinna úr þeim niðurstöðum.

Markaðstarf er hafið með innlendum og erlendum aðilum í samstarfi við styrktaraðila LH.

5. Landsmót 2016.

Samþykkt var auglýsing sem kynnt var fyrir stjórn og að skrifstofa komi henni á framfæri.

6. Landsmót 2014

7. Samningur um Íslandsmót

Drög voru lögð fram samningi sem gerður verður milli Íslandsmótshaldara og LH. Umræðum var vísað til næsta fundar.

8. Heimasíða LH.

HG kynnti nýjar hugmyndir að heimasíðu og verður rætt síðar.

Önnur mál

a) Fundargerð keppnisnefndar.

- a. Bréf frá Olil Amble þar sem kvartað var yfir framkomu mótshaldara. Skv. Lögum og reglum 2.8.4 um tilkynningar um breytingar á dagskrá er ljóst að þær reglur voru

brotnar. Keppnisnefnd leggur til að stjórn LH áminni hestamannafélagið Geysir og sem ásamt því að svara bréfi til Olil Amble ásamt afsökunarbeiðni til allra keppenda. HP og GS fengu það verkefni að koma með tillögur til stjórnar fyrir næsta fund

- b. Keppnisnefnd leggur til að kappreiðareglur LH verði skilgreindar þar sem virðist vera að aðildarfélög fari eftir annað hvort gömlu kappreiðareglum LH og annars vegar virðist vera farið eftir FIPO reglum LH. Stjórn vísaði málinu til keppnisnefndar og óskaði eftir því að nefndin skili tillögum fyrir 1 desember 2011.
- c. Íslandsmetsumsókn Elvar Einarssonar var samþykkt af keppnisnefnd og lagt til að stjórn LH samþykki metið sem var gert. Tími Elvars Einarssonar er 21:89 sek. Sett við löglegar aðstæður á Íslandsmóti á Selfossi 2011.
- d. Ákveðið var að stjórn skilgreindi reglur um hverjir geti slegið Íslandsmet fyrir næsta keppnistímabil.
- e. Næsti fundur verður haldin í Stykkishólmi, stjórn mun halda fund heimamönnum á föstudagskvöld og síðan fundar stjórn laugardaginn.
- f. Landsliðnefnd óskaði eftir því að stjórn LH bjóði þeim knöpum sem sem kepptu fyrir Íslandshönd á uppskeruhátíð hestamanna sem haldin verður 5 nóvember 2011.
- g. OH óskaði eftir því að Landsliðsnefnd LH fái að koma kynna starf nefndarinnar á árinu og fjárhagsniðurstöður ársins.
- h. AP óskaði eftir því á næsta stjórnarfundi yrði kynnti fjárhagsstöðu LH.
- i. Samþykkt var að þeir sem verða Íslandsmethafar fái viðurkenningu frá LH.
- j. OH kynnti tillögur Tölvunefndar um innlestur gagna frá lands og fjórðungsmótum og áhrif þeirra á stöðulista, umræðum vísað til næsta fundar.
- k. Borist hefir athugasemd við fundarboðun fundarherferðar LH, BÍ og landsmótsnefndar, þ.a að fundarboð hafi borist vissum félögum einu degi fyrir fund, skrifstofu var falið að skoða hvernig fundarboðun var háttáð og skila niðurstöðum fyrir næsta fund.
- l. Óskað var eftir því að HP fari yfir fundarherferð LH, BÍ og landsmótsnefndar og kynni fyrir stjórn helstu niðurstöður ferðarinnar.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*